

Alþingi // Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

153. löggjafarþing 2022–2023.
Þingskjal 45 — 45. mál.



8. nóvember 2022

Umsögn stjórnar Hinsegin daga um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (bælingarmeðferð), þskj. 45, 45. mál.

Stjórn Hinsegin daga styður framlagt frumvarp og tekur undir greinargerð þess, þar sem m.a. er fjallað um dulda hinsegin fordóma og skaðlegar afleiðingar þeirra. Stjórn Hinsegin daga barst ekki umsagnarbeiðni vegna þessa máls og vill nota tækifærið og óska eftir því að Hinsegin dagar, sem og önnur hinsegin félög, séu beðin um að veita umsagnir í málum er varða mannréttindi hinsegin fólks.

Fyrir hönd Hinsegin daga,


Formaður Hinsegin daga